

26. september 2018 - 1.tbl.

# Unglingafréttir GSNB FJÖLMIÐLUN (VAL)

## VIÐTAL VIÐ FADEL



Viðtalið við Fadel var tekið í skólanum í frímínútum í september 2018 og hérna eru svör hans

1. Hvað heitir þú á fullu nafni? „Ég heiti Fadel Abd El Mogheth Fadel.“

2. Hver er uppáhalds leikmaðurinn þinn í Víking? „Það er Pétur Steinar.“

3. Myndirðu frekar skera þig á blaði í hvert sinn sem þú snertir það eða bita í tunguna þína hvert sinn sem þú borðar? „Ég myndi frekar skera mig á blaði.“

4. Hvað er uppáhalds árstíðin þín? „Uppáhald árstíðin mín er sumar“

5. Ertu með fóbíu fyrir einhverju? „Nei, ég er ekki með fóbíu“

6. Hvað er uppáhalds lagið þitt? „Það er Nothing Else Matters með Metallica.“

7. Hvað ertu hávaxinn? „Ég er 184 cm á hæð.“

8. Hvað er skemmtilegast við vinnuna þína? „Að kenna krökkum sund.“

9. Hvað er uppáhalds maturinn þinn? „Það er kjúklingur.“

10. Myndirðu borða kjúkling á hverjum degi eða aldrei borða kjúkling restina af lífinu þínu? „Frekar borða kjúkling á hverjum degi.“

11. Myndirðu frekar vilja fara fram eða aftur í tímann? „Frekar fara aftur í tímann.“

12. Hvor finnst þér flottari Adidas eða Nike? „Adidas.“

13. Hvort myndirðu geta flogið eða vera ósýnilegur? „Geta flogið.“

14. Hvað er uppáhalds íþróttin þín? „Sund.“

15. Hvað ertu gamall? „45 ára“

16. Hvað bjóstu í Qatar lengi? „6 ár.“

17. Hvor er betra Samsung eða Iphone? „Iphone.“

18. Hvað er uppáhalds liturinn þinn? „Grár“

## MY HERO ACADEMIA



Þetta er skrifað í september 2018.)



Þættirnir eru um nemendur sem eru með mátt sem kallast quirks. Nemendurnir ganga í sérstakan skóla sem kennir þeim að vera hetjur. En aðalpersóna þáttarins sem heitir Midoriya er ekki með neinn mátt þangað til að All Might (aðalhetjan í þáttunum) gefur honum máttinn sinn. Midoriya ásamt öðrum nemendum tók próf til að komast í skólann sem kallast U.A. hann kemst í efsta bekkinn ásamt 19 öðrum krökkum.



Kohei Horikoshi er japanskur rithöfundur og teiknari fyrir Shonen Jump. Hann hefur gefið út þrjár bókaseríur. Hann gaf út sína fyrstu bókaseríu árið 2010. Bækurnar hans kallast Oumagadoki. Önnur bókaserían sem hann skrifaði heitir Barrage og var útgefinn árið 2011. Þriðja bókaserían sem hann gaf út heitir My Hero Academia og kom út árið 2016. En hún hefur verið sú allra vinsælasta.



Mörgum finnst anime skemmtilegt af því að það eru til margar típur af anime þáttumröðum. Sumir horfa á það af því að þeim finnst sagan skemmtileg. Að mati höfundar eru hryllings og spennu þættir skemmtilegri en margar aðrar típur, af því að það er alltaf eitthvað spennandi að gerast. En allir hafa sitt eigið álit á hvað þeim finnst skemmtilegt við anime.

# Stjörnuspá 2018

## Steingeitin 22. desember - 19 janúar:

Besta líf þitt inniheldur uppbyggingu, aga og fullt af vinnu, þegar þú gerir eitthvað sem þú ert ekki vön/vanur að gera verður þú mjög hamingjusöm/samur. Ef þú heldur áfram að gera það sem þig langar að gera í ár þá er lítið sem mistekst hjá þér.

## Vatnsberinn 20 janúar - 18 febrúar:

Einkennilegi, kærleiksríki persónuleikinn þinn gerir þig vinsæla/n á viðburðum en þú hefur tilhneigingu til að taka hugsanlegar persónulegar tengingar léttar. Eitt af þínum verkefnum í ár er að fara aðeins djúpt í tilfinningar þínar og hugsa aðeins meira um tilfinningar þínar og annarra því það sem þú finnur í innra innsæi er dálítið skrítið.

## Fiskurinn 19 febrúar - 20 mars:

Þú ert miskunnsöm/samur, fiskurinn er alltaf að hugsa um alla aðra nema sjálfan sig 2018 verður árið sem mun snúast um þig því þú átt skilið að láta dekra við þig eins og þú gerir við aðra.

## Hrúturinn 21 mars - 19 apríl:

Hvað hefur 2018 að geyma fyrir þig? Það lítur út fyrir að þú getur búist við óstöðugleika og óróa ásamt vöxtum, sem er ekki slæmt fyrir stjörnumerki sem er þekkt fyrir að þola það sama, hvað sem er.

## Nautið 20. apríl - 20. maí:

Þegar þú lítur á komandi árið, eitt er víst : þú vilt sigra þitt eigið persónulega ríki og kannski allan heiminn. Það er ekkert til að hindra þig við að ná markmiðinu þínu þannig þegar sólin springur í viðverandi táknið þitt í enda apríl ertu einbeitt/ur, ekin/n og örugg/ur í hugarfari þínu. Með langtíma markmið á heilanum gættirðu viljað að endurskipuleggja forgangsroðun þína og setja persónulegan árangur efst á listann.


## Tvíburinn 21 maí - 20 júní:

Þú ert mjög gáfuð með orð þín, þú ert ekki hrædd að segja hvað þú hugsar. Þú ert með mikil vandamál því þú segir flest allt sem þú hugsar en það breytist á þessu ári með plánetunni Merkúrís sem stjórnar þér. Þú verður aðeins að róa þig því ef þú segir eitthvað við ranga persónu verður vandamál í langan tíma.

## Fréttir úr fótboltanum

Þessi grein er skrifuð 14. september. Víkingur Ólafsvík er í fjórða sæti eftir að hafa tapað leiknum á móti Njarðvík. Eftir úrslit sumarsins liggur ljóst fyrir að Víkingur Ó kemst ekki í Pepsí deildina á næsta leiktímabili. Ef

við hins vegar hefðum unnið leikinn á móti Njarðvík og við hefðum unnið líka næsta leik á móti Fram. Þá myndi HK þurfa að tapa leiknum á móti ÍR sem þau gerðu ekki



| #  | LÍÐ         | L  | U  | J | T  | M     | +/  | S  |
|----|-------------|----|----|---|----|-------|-----|----|
| 1  | ÍA          | 22 | 14 | 6 | 2  | 42:16 | 26  | 48 |
| 2  | HK          | 22 | 14 | 6 | 2  | 38:13 | 25  | 43 |
| 3  | ÍR          | 22 | 13 | 4 | 5  | 46:37 | 9   | 43 |
| 4  | Víkingur Ó. | 22 | 12 | 6 | 4  | 38:22 | 16  | 42 |
| 5  | Þróttur R.  | 22 | 11 | 3 | 8  | 52:40 | 12  | 36 |
| 6  | Njarðvík    | 22 | 7  | 6 | 9  | 24:34 | 10  | 27 |
| 7  | Leiknir R.  | 22 | 7  | 4 | 11 | 23:29 | -6  | 25 |
| 8  | Haukar      | 22 | 7  | 4 | 11 | 32:45 | -12 | 25 |
| 9  | Fram        | 22 | 6  | 6 | 10 | 37:38 | -1  | 24 |
| 10 | Magni       | 22 | 6  | 1 | 15 | 27:48 | -21 | 19 |
| 11 | ÍR          | 22 | 5  | 3 | 14 | 23:48 | -25 | 18 |
| 12 | Selfoss     | 22 | 4  | 3 | 15 | 35:48 | -13 | 15 |

staðan var 3-0 og ÍA myndi líka þurfa að tapa á móti Selfossi sem þeir gerðu ekki staðan var 3-1 fyrir ÍA. Þannig það var mjög lítið tækifæri á að Víkingur myndi komast í Pepsí deildina og Víkingur mun ekki komast í Pepsí deildina í ár. Vonandi kemst Víkingur í Pepsí deildina á næsta ári.

Besti leikmaður að mati höfundar greinarinnar er Kmave Quee. En hann er 22 ára og er fæddur 7. september árið 1996 og er 185 cm á hæð og er frá bæ sem heitir Sierra Leone. Hann er miðjumaður og treyjan hans er númer tíu.



## Í FJÖLMÍÐLUN ERU...

**ANNA RAKEL, MARTA BJÖRG, INGA SÓLEY, UNNUR BIRNA, SESSELJA LÁRA, ELÍ ÖRN, LEJLA, ÍRIS LILJA, SUNNA LÍF OG MÓNKA RÁN**

### Krabbinn 21 júní - 22 júlí:

Mjúkur, tilfinningalegur kjarni þinn er það sem skilgreinir þig. En í ár lætur þú alla vita að ekki pirra þig eða vera leiðinleg við þig því þú ert farin að sýna þína sterku hlið, þú þarft ekki að taka sökina fyrir allt, stundum virka ekki allir hlutir eins og þú villt að þeir virki þannig ekki taka sökina á þig.

### Ljónið 23. júlí - 22. ágúst:

Með ljómandi og skínandi sólinu sem höfðingja þinn elskarðu athyglina og sviðsljósið. Hins vegar sýnir þú heiminum að þú hefur efni til að bæta við stíl þínum og það verður stór áskorun árið 2018. Þetta er tækifærið þitt til að sýna öllum að þú getur valið réttu leiðina, jafnvel þó að þú hefur verið að draga þig í aðra átt.

### Meyjan 23 ágúst - 22 september:

Hagnýt, næstum stíf manneskja stundum, þú þarft að finna jafnvægi á milli vinnu og frítíma. En það mun vera mjög mikið af möguleikum í ár þannig ekki sleppa þeim. Ef þú tekur tíma til að hugsa um og greina áhrifin í huganum og í líkamanum. Þú gætir komið að einhverjum áhugaverðum og upplýsandi ályktunum.

### Vogin 23. september - 22 október:

Þú hefur gaman að lífa lífi þínu í jafnvægi, gera það með mikilli náð og miklum mætti eins og mögulegt er. Til hamingju, 2018 býður þér marga möguleika til að setja einstakar tilfinningar og þokka í aðstæður sem virka ekki bara í þínum hag heldur einnig gagnvart öðrum líka.

### Sporðrekin 23 október - 21 nóvember:

Samskipti fara neðanjarðar á þennan hátt, svo að lokaleikinn þinn er ekki að afhjúpa fólk á félagslegum fjölmíðlum eða öðrum stórum opinberum vettvangi. Notaðu upplýsingarnar sem þú færð á þann hátt sem gagnast þér og aðeins þér, en ekki á illgjarn eða sársaukafullan hátt.

### Bogmaðurinn 22 nóvember - 21 desember:

Þú lítur á lífið eins og eitt stórt ævintýri og þú gætir náð nýjum hæðum, kannski jafnvel bókstaflega. Á milli þess að fara í kringum heiminn, en þú notar frítímann þinn til að endurspeglar hvað nafnlausu reynslan þín hefur kennt þér.

# Viðburðir vetrarins

Félagsmiðstöðin Afdrep betur þekkt sem Féló er staður fyrir unglinga í Snæfellsbæ til að hittast fyrir utan skóla nokkur kvöld í viku. 8-10. bekkur er þrisvar í viku, mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Svo er 5-7. bekkur einu sinni í viku á miðvikudögum. Félagsmiðstöðin er í



sama húsi og Verslunin Kassinn. Þar eru allskonar tæki eins og Ping pong, Pool og Airhockey borð. Svo er sjónvarpsherbergi með allskonar tölvuleikjum og myndum. Það er sjoppa á staðnum með fullt af góðgæti. Einnig er hátalari svo krakkarnir geti blastað tónlist. Yfirmennirnir eru Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Berglind Magnúsdóttir og krakkarnir elska þær, tekið er viðtal við Sigurbjörgu í blaðinu. Haldið er mismunandi skemmtanir eins og **Bíókvöld**, stelpu og strákakvöld, **leikjakvöld** og allskonar keppnir. Það er mikið Fjör í Féló og hvetjum við alla til að mæta. Nokkrum sinnum á ári (5-6 sinnum) fara krakkar í 8-10. bekk



á böll. Til þess að komast á böll þarf að vera með ákveðið margar mætingar. Svo ef þú mætir ekki nógu oft í Féló þá kemstu ekki á böll. Flestir komast þó. Við ætlum að segja frá böllunum sem krakkarnir fara oftast á. Fyrsta ballið er **Æskulýðsballið** sem er í lok október, byrjun nóvember, það er haldið í Borganesi. Ballið er haldið fyrir krakka á Vesturlandi. Krakkarnir hittast oft fyrir böll og gera sig klára saman, svo er tekin rúta frá íþróttahúsinu á áfangastað. Stundum er farið í sund og



út að borða fyrir böll, eins og var gert síðast. Næsta ball er **Jólaballið** sem krakkarnir úr FSN halda, það er í Grundarfirði og er í

desember í kringum jólin. **Samvest** er ball fyrir Vesturland sem er haldið einhvers stað á Vesturlandi en árið 2016 var það haldið á Hólmavík og á seinasta ári var það haldið í Borgarnesi. Á þessu skólaári verður það haldið í Bolungarvík. Ballið er í enda janúar, byrjun febrúar. Haldin er **söngvakeppni Samvest** og þeir sem komast áfram þar taka þátt í söngvakeppni Samfés. Hver félagsmiðstöð sendir einn keppanda frá sér sem er kosinn af krökkunum í félagsmiðstöðinni. Síðasta og vinsælasta ball landsins er **Samfés** það er haldið 23.mars í Laugardalshöllinni það koma félagsmiðstöðvar allstaðar af landinu og eru um það bil 4500 unglingar á aldrinum 13-16 eða um 30% unglinga landsins sem mæta. Ballið stendur yfir í 5 tíma og margir góðir söngvarar koma fram. Næsta dag er Söngvakeppni Samfés þá eru úrslitin. Söngvakeppnin er sýnd á Rúv. Þetta eru böllin sem er staðfest að **Afdrep** fer á en svo bætast oft önnur böll við t.d. sem FSN heldur. Við hjá unglingafréttum hvetjum ykkur til að taka þátt í félagslífinu og mæta á sem flesta viðburði í vetur.



**Fortnite** er frír

bardagaleikur sem hefur notið mikilla vinsælda og hafa yfir 140 miljónir hlaðið honum niður.

Leikurinn hefur grætt

mikinn pening eða fengið 1 billjón dollara. Leikurinn

var búinn til árið 2017 af Epic Games. Inni í

leiknum eru 2 mode **Battle royale** og **Save the**

**world**. Inni í leiknum er peningar sem kallast v-

bucks með v-bucks getur þú keypt skin og dansa

sem þú getur

notað á meðan

þú spilar.

Inni í fría

**Battle**

**royale** byrja

100 menn í

fljúgandi rútu sem þeir hoppa úr og ná í

málmsteina og við sem þú getur notað til að byggja

hús og allt sem þú getur hugsað það eru líka vopn

sem þú getur notað til þess að myrða alla aðra og

vinna leikinn. Á meðan þú ert að spila leikinn er

stormur sem þú þarft að flýja frá ef þú ferð inn í

storminn þá muntu missa líf þangað til þú deyrð.

Save the world sem kostar, þá ert þú að berjast við

uppvakninga til að bjarga heiminum. Leikurinn

byrjar á því að stormur kemur og drepur 98% af

öllum í heiminum svo byrjar þú að að berjast við

uppvakninga. Inni í leiknum býrð þú til byssur sem

þú notar í verkefnum sem þú velur manneskjur til

að berjast sem í leiknum ef ég væri þú þá myndi ég

kaupa Save the world.

Báðir leikirnir eru mjög skemmtilegir. Ef þú vilt ekki

eyða peningi í það að kaupa Save the world þá

getur þú spilað Battle royale.



## Viðtal við Sigurbjörgu



Sigurbjörg er 26 ára gömul og vinnur í Félagsmiðstöðinni Afdrep. Hún á 2 systkini og er meylla. Upphaldsmaturinn hennar er grænmetisborgarinn á Hrauninu. (Þetta viðtal er ekki sponsað af Hrauninu). Til að fara á Samfés þarf að mæta í Féló 75% af tímanum segir Sigurbjörg en hún veit ekki hversu oft það er. Sigurbjörg og Berglind vinna í Féló. Sigurbjörg segir að henni finnst gaman að vinna í Féló. Henni finnst skemmtilegast í vinnunni að fara á skemmtanir. Við spurðum hana hvort henni finnst erfiðara að vinna með unglíngunum eða miðstínginu og henni finnst erfiðara að vinna með unglíngunum. Hún segir að það komi ný tæki bráðlega. Við spurðum hana hver væri þægasti unglíngurinn og henni finnst Jason vera þægasti unglíngurinn. Þegar hún fer í vinnuna vonar hún að það brjóti enginn neitt, að hún þurfi ekki að skammast og að það verði ekki læti. Hún segir að Féló sé þrisvar sinnum í viku hjá unglíngunum. Féló er alltaf í tvo klukkutíma. Við spurðum hana hvaða bekkur væri skemmtilegastur hún flissaði og sagði að 8. bekkur væri skemmtilegastur því hún er ekki búin að kynnað honnum. Féló kaupir nammi í Costco, Ásbirni Ólafssyni, Ölgerðinni og bara á heildsölum. Við spurðum hana hvað hún myndi vilja breyta við Féló ef hún gæti hún sagði að hún myndi vilja breyta útlitinu á húsinu, mála veggina og skipta um gólf. Hana langar ekki að hafa unglíngana og miðstíngið saman því það yrði allt of mikið en hún myndi vilja hafa miðstíngið fyrir áramót og eftir áramót aðra hverja viku en ekki eftir áramót í hverri viku. Berglind er elsti starfsmaðurinn í Féló og Sigurbjörg yngsta. Hún er að byrja þriðja árið sitt að vinna í félagsmiðstöðinni.